

4. fundur með stjórnendum og fulltrúum Mosfellsbæjar

Mætt voru:

Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri yngri deildar

Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri eldri deildar

Óðinn Pétur Vigfússon deildarstjóri eldri deildar

Gunnhildur Sæmundsdóttir skólafulltrúi

Hallgrímur Skúli Hafsteinsson verkefnastjóri umhverfissviðs

Þorsteinn Sigvaldason deildarstjóri eignadeildar

Arnar Jónsson forstöðumaður Þjónustu- og samskiptadeild

Jóhanna Björg Hansen framkvæmdastjóri Umhverfissviðs

Elfa Haraldsdóttir varaformaður foreldrafélags Varmárskóla

Sigríður Ingólfisdóttir meðstjórnandi foreldrafélags og skólaráðsfulltrúi

Rakel Baldursdóttir ritari foreldrafélags

Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla hafði óskaði eftir fundi með skólastjórnendum til að ræða skipulag skólastarfs næsta haust. Á fundinn með stjórnendum voru mættir 5 fulltrúar bæjarins til að ræða ábendingar stjórnar Foreldrafélagsins er varða viðhald skólans og búnað og voru sendar á bæjarstjórn, bæjarstjóra og stjórnendum 14.maí og 15.júní 2018. Þessi óvænta viðbót á fundinn sýnir áhuga allra á velferð barnanna og starfsmanna skólans en stjórn foreldrafélagsins telur að hann hefði orðið skilvirkari ef til hans hefði verið boðað.

Verkefnastjóri á umhverfissviði fór yfir viðhaldsframkvæmdir og endurbætur í skólanum 2016-2020 og svöruðu fulltrúar spurningum.

<http://www.mosfellsbaer.is/forsida/frettir/frett/2018/05/24/Vidhaldsframkvaemdir-og-endurbaetur-i-Varmarskola/>

Heildarúttekt hefur staðið yfir frá síðasta ári á öllum fasteignum bæjarins og er í umsjón Verkfræðistofunnar Verksýnar sem mun skila skýrslu um ástand húsnæðis Varmárskóla í ágústbyrjun. Í kjölfarið verður gerð aðgerðaráætlun til næstu ára og kynnt í hverju hún felst.

Fram kemur að viðhaldsáætlun sé yfirleitt gerð til þriggja ára í senn og verkefnum forgangsraðað í samvinnu við stjórnendur. Í vor kom upp mikill leki undir gólfi í húsnæði eldri deildar þegar hitaveiturör gaf sig. Tryggingarfélag gerði rakamælingar sem var mestur í fundarherbergi, herbergi sem skólaliðar hafa til umráða og fram á gangi fyrir framan salerni stúlkna. Til stendur að þurrka svæðið upp í sumar og skipta um dúk, pússa útfellingar á veggjum og mála. Stjórnarmeðlimir Foreldrafélagsins gera athugasemdir við það verklag og telja mikilvægt að sérfræðingar á sviðinu verði kallaðir til. Verkfræðistofan Efla gerði frumúttekt á myglu- og rakaskemmdum í skólanum júní 2017 og því telur stjórnin að leita eigi til þeirra eftir heildarúttekt. Nauðsynlegt er að taka sýni úr gólfi og annars staðar þar sem vart hefur orðið við leka til að eyða allri óvissu varðandi myglu og rakaskemmdir fyrir haustið.

Stjórn foreldrafélagsins lítur svo á að þessi fundur sé upphaf af samtali um áhyggjur foreldra af viðhaldi skólans og óskar eftir því að vera upplýst um næstu skref. Fulltrúar bæjarins ganga af fundi sem heldur áfram með stjórnendum.

- Kynningarfundur með bekkjarfulltrúum, umsjónarkennurum og fulltrúa Heimili og skóla verður haldinn 2. október kl: 17:00. Tilgangur: efling á skólabrag, aukin samvinna bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara til að skapa góðan bekkjaranda og búa til skemmtilegar minningar, foreldrar eru hluti af skólasamfélaginu og mikilvægt að nýta krafta þeirra til að efla skólastarfið.
- Stjórnendur munu fyrir sumarleyfi fastsetja dagsetningar vegna verkefnis um bættan skólabrag sem hefst í ágúst og vera í sambandi við umsjónarmann verkefnisins hjá Erindi varðandi undirbúning. Ráðgjafar Kvan hafa verið fengnir til að vinna að bættum samskiptum í 8. bekk (árgangur 2004) og heldur það verkefni áfram í haust.
- Óskað er eftir að fastsetja fyrsta fund eftir sumarleyfi sem fyrst og stungið upp á 14. ágúst og ætla stjórnendur að skoða heppilegan dag. Þar sem mörg stór verkefni liggja fyrir leggur stjórnin til að gert verði tímasett fundarplan fyrir veturinn strax um haustið.

- Til að styðja við verkefni um bættan skólabrag telur stjórn foreldrafélagsins mikilvægt að tekið verði saman yfirlit um hvað ber hæst í hverjum árgangi og skoðað hvar megi bæta í til að gera námið meira lifandi, búa til góðan bekkjaranda og skapa skemmtilegar minningar .
 - Undanfarin misseri hefur 7. bekkur farið eina nótt í Vatnaskóg. Þar sem fullbókað var á Reyki næsta vetur leggur stjórn foreldrafélagsins til gist verði í tvær nætur í Vatnaskógi í stað einnar til að börnin fái meira út ferðinni (kostnaður per nemenda fer úr 9.000 í 12.900kr með aukanoft). Mikilvægt þykir að taka gott hópefli þegar bekkir eru stokkaðir upp sem getur lagt línurnar að bekkjaranda fyrir komandi ár. Hugmyndin er samþykkt með fyrirvara um að foreldrar standi vaktina með kennurum til að draga úr kostnaði og munu stjórnendur staðfesta dvöl 25.-27. september.
 - Hefð er fyrir því að 9. bekkur fari í Þórsmörk í eina nótt að hausti. Foreldrafélagið leggur til að skoðað verði að fara tvær nætur í Laugar í Sælingsdal (15.-18. október) eða gista 2 nætur í Þórsmörk til að fá meira út úr ferðinni og efla bekkjaranda. <http://www.ungmennabudir.is/> Stjórnendur munu skoða betur möguleika á: 1) tvær nætur í Þórsmörk og 2) tvær nætur á Laugum í Sælingsdal. Stjórnendur töldu kostnað vegna kennara vera helstu hindrunina og engin afgerandi niðurstaða fékkst.
 - Þar sem stór hluti fundartímans fór í að ræða viðhald skólans vannst ekki tími til að ræða aðra árganga en stjórn foreldrafélagsins leggur til í tengslum við verkefni um eflingu á skólabrag að hugað verði að einhvers konar uppbroti í öllum árgöngum.
- Stjórn foreldrafélagsins telur mikilvægt að farið verði í átak til að efla kennslu í tækni, forritun og nýsköpun og hefur hug á að fjárfesta í Lego Education EV3 vélmennum. Skólinn fékk úthlutað styrk úr sprotasjóði til nýsköpunar sem mætti tengja við verkefnið en stjórnendur hafa ekki fundið því pláss í töflu eða verkefnastjóra sem er forsenda þess að

verkefnið skili tilætluðum árangri. Stjórnin stingur upp á að skoða samstarf við Jóhann Breiðfjörð til að komast af stað, þjálfa verkefnastjóra og þróa verkefnið. Jóhann var hönnuður, hugmyndasmiður og ráðgjafi hjá tæknideild LEGO í 5 ár og hefur um árabil haldið Tækni-LEGO-námskeið í grunnskólum og haldið yfir 400 nýsköpunarkynningar <http://nyskopun.net/> Stjórnendur leggja til að byrjað verði á 5.-6. bekk en stjórninni er umhugað um að fleiri árgangar verði ekki útskrifaðir án þess að hafa fengið kynningu á grunnatriðum forritunar og benda á samstarf við koder.is Halda megji þemadaga þar sem unnið er með tækni, forritun og nýsköpun. Sérfræðingar Koder.is gætu stýrt verkefninu og koma þeir með búnað með sér. Til viðbótar mætti nota: Lego, Micro-bit og i-pada. Þar sem ekki hefur verið ráðinn leiðtogi í upplýsingatækni þarf að íhuga aðra möguleika s.s. samstarf við koder.is

Fundi slitið